

Nd.

534. Breytingartillögur

við frumvarp til merkjalaga (þgskj. 162).

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Skyldur er hver jarðeigandi að setja glögg merki fyrir jörð sinni og halda þeim við. Sama skylda hvílir á umsjónarmönnum jarða, sem ekki eru einstakra manna eign, og eigendum eða umsjónarmönnum hjáleigna, húsmannabýla og þurrabúða, utan kaupstaða og löggiltra verslunarstaða, er afskift land fylgir.

Sama gildir um afrjetti, óbygðar lendar og ítök, að því leyti, sem því verður við komið, og sá krefst þess, er land á til móts við afrjettinn eða lendarnar.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Þar sem eigi eru glögg landamerki af völdum náttúrunnar, fjöll, gil, ár, lækir o. fl., en sjónhending ræður, skal setja merkjasteina eða gera vörður með hæfilegu millibili, svo að merki sjeu auðsæ, eða gera girðingu eða skurð á merkjum. Eru þeir, sem land eiga að merkjum, skyldir að annast merkja-gerð að helmingi hvor.

Hreppstjóri, hver í sínum hreppi, skal hafa eftirlit með því, að sett sjeu glögg merki.

3. Við 4. gr.

»Nú verður hreppstjóri« til enda greinarinnar orðist svo:

Nú verður hreppstjóri þess var, að ákvæðum 2. og 3. gr. hefir eigi verið fullnægt, og hlutast hann til við þá, er hlut eiga að máli, að úr verði bætt. Ef ágreiningur er um landamerki, eða vanrækt hefir verið að senda merkjalýsingu fyrir einhverri eign, þá skal hreppstjóri tilkynna það sýslumanni. Sá, er ekki sendir merkjalýsingu í tíma, skal sæta tveggja króna dagsektum, uns úr er bætt.

4. Við 6. gr.

a) fyrir »Merkjadóm skipa« komi:

Í merkjadómi sitja.

b) »er sýslumaður útnefnir« falli burt.

c) fyrir »falli meðdómsmaður frá eða forfallist« komi:

ef meðdómsmaður fellur frá eða forfallast.

5. Við 7. gr.

a) fyrir »þegar« komi:

þá er.

b) fyrir »mæta fyrir merkjadómi« komi:

koma til merkjadóms.

c) fyrir »Sju eignirnar sín í hvorri þinghá« komi:

Ef eignirnar eru hvor í sinni þinghá.

6. Við 8. gr.

a) fyrir »Í fyrsta þinghaldi tilnefningu þeirra« komi:

Í fyrsta þinghaldi skal sýslumaður nefna 8 menn í dóm, og skal því næst hvor málsaðilja nefna tvo úr dóminum. Nú vill annar hvor málsaðilja eigi úr nefna, og skal þá hinn ryðja fyrir báða.

b) fyrir »hvors« komi:

hvor.

7. Við 9. gr.

a) fyrir »Þegar« komi:

Þá er

b) fyrir »Skal ganga« komi:

Ganga skal

c) fyrir »þá« komi:

þá er

d) fyrir »svo« komi:

svo að

8. Við 10. gr.

a) fyrir »merkjagöngunni« komi:

merkjagöngu

b) fyrir »sem hann ákveður« komi:

svo sem dómsorð greina.

9. Við 11. gr.

- a) fyrir »Merkjadómi« í upphafi gr. komi:
Í merkjadómi
- b) fyrir »og sje merkjadómur« komi:
Ef merkjadómur er.

10. Við 12. gr.

- Fyrir »Skal ákveða þessa borgun« komi:
Ákveða skal þetta gjald.

11. Við 13. gr.

- a) fyrir »Búi eigandi fasteignar« komi:
Ef eigandi fasteignar býr.
- b) fyrir »tilnefni« komi:
taki sjer.

12. Við 14. gr.

Greinin orðist svo:

Ef málsaðili kemur eigi sjálfur eða sendir eigi annan af sinni hendi til þinghalda í merkjamáli, skal sýslumaður skipa honum talsmann, enda skal dómur ganga í málinu alt að einu. Talsmanni skal ákveðin þóknun í dómnum, og skal sá greiða þóknunina, er talsmaður var skipaður.

13. Við 15. gr.

- a) fyrir »Skorist meðdómsmaður« komi:
Ef meðdómsmaður skorast
- b) fyrir »ganga á merkjadóm eða mæta ekki« komi:
sitja í merkjadómi eða kemur eigi til dóms.

14. Fyrirsögn frumvarpsins verði:

Frumvarp til landamerkjálaga.